

Fornleifaskráning í landi Teigarhorns



Stefán Ólafsson (ritstj.)

höfundar efnis:
Kristborg Þórsdóttir og Stefán Ólafsson





© Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík


Sími: 551-1033

Fax: 551-1047


Veffang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

Uppdráttur og loftmynd af Teigarhorni	4
1. Inngangur	5
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	6
3. Fornleifaskrá	7
4. Niðurstöður	46
Minjakort	48
Heimildir	54
Hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93)	55



Teigarhorn er 2010 hektara jörð. Rauðalínan sýnir umfang jarðarinnar.



Úttektarsvæðið sem fjallað er um í þessari skýrslu, er jörðin Teigarhorn sem byggðist úr landi Ölvaldsstaða í Borgarhreppi, Borgarbyggð.

1. Inngangur

Teigarhorn er 2010 ha jörð í eigu ríkisins en í umsjá og rekstri Djúpavogshrepps. Um langt skeið hefur Teigarhorn verið þekktur fundarstaður zeólíta eða geislasteina og mun orðspor staðarins hafa aukist enn frekar á seinni hluta 20. aldar. Fyrir þessar sakir hefur staðurinn dregið að sér ferðafólk frá öllum heimshornum en í kjölfarið á mikilli ásókn ferðamanna í geislasteinana var Teigarhorn friðað sem náttúruvætti 1975 (Umhverfisstofnun). Íbúðarhúsið á Teigarhorni hefur verið gert upp að utanverðu og hefur það einnig vakið athygli vegfarenda. Það er byggt í dönskum stíl, með steinhlöðnum kjallara, hæð, portbyggðri hæð (ofan á jarðhæðinni) og svo er geymlu loft í risinu. Húsið er talið vera byggt í kringum 1880-81 og var það gefið Þjóðminjasfninu 1992 (Þjóðminjasafn). 2013 var jörðin Teigarhorn friðlýst sem fólkvangur (Umhverfisstofnun) og var þá einnig ráðinn landvörður til að hafa umsjón með staðnum (Brynja Davíðsdóttir 2013, bls. 4). Í framhaldi af þessari þróun hefur farið af stað undirbúningur um frekari nýtingu jarðarinnar sem útivistarsvæði fyrir heimamenn og ferðafólk. Árið 2014 var ráðist í hönnun og lagningu göngustíga í og umhverfis heimatúnið (sjá skýrslu frá Teiknistofu Guðrúnar Jósndóttur 2014, Teigarhorn - Deiliskipulag. Stígakerfi - 1. áfangi - Nærsvæði). Svo að framkvæmdir við lagningu göngustíga ásamt annari uppbyggingu gæti haldið áfram fór Andrés Skúlason, oddviti Djúpavogshrepps, þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses þann 25. apríl 2015 að hún tæki að sér að skrá menningarminjar í landi Teigarhorns.

Áður en vettvangsvinna hófst var búið að svæðisskrá 25 fornleifar innan úttektarsvæðis, fjöldi þeirra átti þó eftir að verða næstum því þrefalt fleiri og varð endanlegur fjöldi þeirra 66. Ein af ástæðum þessarar miklu aukningar á minjafjölda við vettvangsskráningu var sú að talsverðan fjölda fornleifa mátti greina af gömlum ljósmyndum. Flestar myndanna voru teknar af Nicoline Weyvad. Nicoline bjó á Teigarhorni og var fyrsta konan á Íslandi sem starfaði við ljósmyndun. Ljósmyndir

hennar eru aðgengilegar á Sarpi (Sarpur.is) sem er menningarlegt gagnasafn aðgengilegt á netinu. Myndirnar voru ekki aðgengilegar þegar heimildaskráningin var gerð 2004 en eftir að Andrés Skúlason benti skrásetjurum á tilvist þeirra voru þær vandlega skoðaðar og eru honum færðar bestu þakkir fyrir ábendinguna. Andrés er þar að auki vel kunnugur á Teigarhorni og hjálpaði skrásetjurum í hvívetna en einnig var leitað til Eyjólfss Guðjónssonar bónda á Framnesi um upplýsingar um örnefni og fornleifar í landi Teigarhorns og eru þeim báðum færðar sérstakar þakkir fyrir hjálpina og liðlegheitin. Minjastofnun Íslands lánaði Trimble stöðvar til uppmælinga og eru þeim, og ekki síst Rúnari Leifssyni, færðar þakkir fyrir lánið. Umfram skráningu á öllum þekktum minjum innan landamerkjanna Teigarhorns var heimatúnið skoðað sérstaklega (framkvæmd svokölluð deiliskráning), þ.e. gengið var um það kerfisbundið í leit að fornleifum, jafnvel á svæðum þar sem engar vísbendingar voru um minjar.

Þessi skýrsla er byggð upp með svipuðum hætti og aðrar skráningarskýrslur frá Fornleifastofnun Íslands ses. Byrjað er á því að fara yfir sögu fornleifaskráningar á Íslandi og hvaða reglur gilda um fornleifar í landinu. Þar á eftir kemur sjálf fornleifaskráin með inngangi þar sem framsetning hennar er útskýrð og að endingu er kafla með helstu niðurstöðum skráningarinnar. Um svæðisskráninguna sá Sædís Gunnarsdóttir (sjá: Sædís Gunnarsdóttir 2004). en fornleifaskráning á vettvangi var unnin af Kristborgu Þórsdóttur og Stefáni Ólafssyni 11.– 13. maí 2015.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980. Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning). Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminja (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í lögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greiftnarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem það eru vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir ennfreður: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang[i] fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til björgunaruppgrftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætta á að áður óþekktar minjar finnast við jarðrask.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar

númer jarðar eins og í Jarðatali Johnsen 1847

númer fornleifar á tiltekinni jörð

sérheiti

tegund fornleifar

hlutverk fornleifar

hnattstaða í gráðum og mínútum (WGS84 vörpun)

Sýslutákn

BO-104:025

Gömlugömluhús

tóft

beitarhús

"Við það sund rétt við gamla veginn er einstakur klettur, Grautarklettur [104:023]... Upp af Grautarkletti eru gamlar húsarústir, sem nefndar eru Gömlugömluhús. Þar voru fjárhús endur fyrir löngu," segir í örnefnalýsingu. Rústir sem passa við þessa lýsingu eru 230 m austur af Grautarkletti en um 2,8 km NNA af bæ 001. Vestan undir litlu og lágu klapparholti með hundapúfu efst. Í kring eru hálfgrónir melar og myrarsund til skiptis, sundurgráfin af smálækjum. Þessar rústir eru ekki jafn ellilegar og hefði mátt vænta af lýsingunni og nafninu. Leifar sjást af tveimur samstæðum, aflöngum húsum sem snúa austur-vestur með dyr í vestur. Stærð alls 12 x 10 m og er milliveggur þykkari en útveggirnir. Veggjahæð er mest um 0,7 m en veggir eru mikið hrundir inn. Sér samt víða í grjóti í þeim. Hvorki vottar fyrir gördum né hlöðu eða heygarði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ó-Höfn, 6-7

hættu sem stæðar að fornleif, t.d. v/ framkvæmda eða náttúrufalla

heimild sem vitnað er í, nánari færsla í heimildaskrá

64°29.404N 21°57.216V

hólt

20 m

Uppdráttur. Grórir veggir svartir, grjóthledslur skástrikaðar

Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: MH-102:001).

Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Miðað er við að frávik frá miðju sé ekki meira en 5 metrar og svo er 15 metra friðhelgt svæði umhverfis fornleifar samkvæmt 22. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012). Að auki voru gerðar sérstakar uppmælingar á hverjum minjastað þar sem ummerki sáust með gps stöð af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000, þar sem frávik frá miðju er innan við 1 metri. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjavar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á

mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Heimatúnið á Teigarhorni og nærumhverfi þess var deiliskráð og er það svæði sýnt hér afmarkað með gulri línu. Rauðbrún brotin lína sýnir stíga sem byrjað var að leggja 2014. Sýnilegar fornleifar eru sýndar með svartri línu og bleikri fyllingu innan hennar.

SM-239 Teigarhorn

3 hdr 1847, hjáleiga frá Hálsi (SM-236). Jörðin á land norðan Búlandsár í Búlandsdal. Salómonshús eyðihjáleiga einnig nefnt fornbylið Búland.

1840: „Tún er þar sáralítið en útengi nokkurt, þó er heyskapur þar lítill. Hagaganga er þar góð, þar til hjálpar og bitþang. Svovel tún jarðarinnar sem úthagi liggur fyrir sandfoki og hefur þess vegna mikið af sér gengið og stundum orðið að leggjast í eyði af sömu orsök.“ SSM, 557. 1919: Tún 2,4 ha, garðar 558m². „Töluverðar engjar voru á Teigunum, m.a. Slegnar fyrr af Djúpavogsmönnum, og ræktunarskilyrði dágóð með stykkjum. Túnspilda frá urðarteigi er í landi T innan við Búlandsá. Gamla túnið var harðbali uppgræddur úr með, ... Jörðin þótti vel í meðallagi til búskapar fyrr, útigangur slíkur, að bakki talsist góður ásetningur, sumarbeitiland ágætt fyrir allan búpening og góð fjörubeit.“ SJM III, 422

SM-239:001 Teigarhorn bæjarhóll bústaður

64°40.726N 14°24.779V


„Tóttamenjar af gamlabæ rétt ofan við núv. íbúðarhús,“ segir í Sveitum og jörðum í Múlapingi. „Inn við tangann innst í túninu er Gamlabæjarfjara,“ segir í örnefnaskrá. Bærinn að Teigarhorni stóð norðan undir Kambinum sem þjóðvegur 1 liggur í gegnum, 360m sunnar. Tóftir bæjarins eru enn sýnilegar en þær eru 240m norðnorðvestan við gamla íbúðarhúsið sem reist var um 1882 og um 250m norðvestan við Hjalla 030 á Hjallstanga.

Bæjartóftirnar eru undir lágrí klettaborg sem nefnist Kambur og hefur framhlið bæjar snúið til norðausturs. Skammt framan við bæinn er sjávarbakinn og þar fremst er kálgarður 013. Fast framan eða norðaustan við tóftirnar hefur verið gerður göngustígur sem liggur um tiltölulega slétt tún milli bæjartóftanna og kálgarðsins.

Bæjarhóllinn er um 40x30m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Upphleðsla hans gæti verið um 1,5m. Greina má tvær tóftir á hólnum, A og B. A er 36x15m að stærð og snýr eins og bæjarhóllinn en B er 8x6m að stærð og snýr norður-suður. Tóft B er þétt suðvestan við A. Tóft A er að öllum líkindum sjálf bæjartóftin en hún er með mjög ógreinilega veggir en þó má greina 5-6 hól í henni, mögulega sex. Fjögur hólfanna eru í röð eftir norðausturhliðinni og hefur verið timburgafl á þeim eins og sjá má á gamalli ljósmynd sem til



Bæjarhóll 001, horft til suðurs



Uppdráttur af tóft á bæjarhól 001

er að bænum. Aftan við þessi hól er fimmta hólfið, suðaustast á bæjarhónum og næst klettunum. Sjötta hólfið er norðvestan við fimmta hólfið og gæti verið einhvers konar upphækkun eða pallur. Ekki var hægt að greina nein op á þessum aftari hólfum. Minni tóftin er einföld og eru vegghleðslur hennar eru mun greinilegri en á tóft A. Þær eru um 2m á breidd og um 40cm á hæð.


Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: SJM III, 422; Ö-Teigarhorn, 1

SM-239:002 hús býli

64°40.595N 14°20.682V

Timburhús var reist á Teigarhorni árið 1880 og búið var í því til 1988. Húsið er um 250 m sunnan við eldra bæjarstæði 001. Á heimasíðu Þjóðminjasafns Íslands kemur fram að húsið var byggt af Niels Peter Emil Weywadt (1814-1883) sem var forstöðumaður Ørum & Wulff's verslunarinnar við Djúpavog. Húsið varð hluti af húsasafni Þjóðminjasafnsins árið 1992 og hafa umtalsverðar viðgerðir verið gerðar á því til að koma því aftur í



Uppdráttur af timburhúsi 002

upprunalegt horf.

Húsið stendur í túnjaðri austan undir Kambinum, löngum klapparási sem endar við gamla bæjarstæðið. Umhverfis húsið er sléttað malarplan. Jarðvegsrask er við norðausturgafli hússins og við norðvesturhlið þess vegna byggingaframkvæmda. Norðaustan við húsið er jarðvegsstallur sem hefur að líkindum myndast við það að efni úr gömlu fjósi 009 norðvestan við húsið var rutt út.


Á heimasíðu Þjóðminjasafns Íslands eru frekari upplýsingar um húsið: „Steinhlaðinn kjallari er undir húsinu og portbyggð hæð ofan á jarðhæð, en geymsluloft í risi. Grunnflötur hússins er um 65 fermetrar að stærð.“ Húsið snýr norðaustur-suðvestur og er um 9x7 m að stærð. Hleðslur í kjallaranum standa hæst upp úr jörðu í norðausturenda. Þar eru þær 0,5 m á hæð utanmáls og sjást 4 umför. Búið er að hlaða grunn fyrir bislag við norðvesturhlið hússins og við norðvesturgafflinn er búið að hlaða grunn undir ljósmyndastofu á sama stað og Nicoline Weywadt var með sína ljósmyndastofu upp úr aldamótunum 1900. Hún var fyrsti kvenljósmyndari á Íslandi. Við suðvesturgafli hússins er jarðlæg hleðsla sem liggur í L frá suðurhorni hússins. Aðeins sést einföld röð steina sem afmarkar svæði sem er 2x7 m að innanmáli. Til stendur að gera húsið einnig upp að innan. Niels Peter Emil Weywadt (1814-1883) var forstöðumaður Ørum & Wulff's verslunarinnar við Djúpavog. Hann átti fjölda barna og næstelst þeirra var Nicoline (1848-1921) sem lærði myndasmíði í Kaupmannahöfn fyrst kvenna á Íslandi. Hún kynnti sér jafnframt steinafræði, en á Teigarhorni er fjöldi sérstakra geislasteina. Nicoline stýrði búi að föður sínum látnum og reisti við húsið ljósmyndaskúr, þar sem hún starfaði að iðn sinni. Hún var einn snjallasti ljósmyndari landsins, og er plötusafn



Íbúðarhúsið sem Niels Weywadt lét reisa 1880-1882, horft til norðnorðvesturs



Þúst 003, horft til norðurs



Uppdráttur af þúst 003

hennar og ýmis áhöld til ljósmyndunar varðveitt í Þjóðminjasafninu. Hjá Nicoline lærði ljósmyndun frænka hennar Hansína Regína Björnsdóttir (1884-1973). Búið var í húsinu til 1988, og árið 1992 var það tekið í vörslu Þjóðminjasafns Íslands. Unnið var að viðamiklum viðgerðum skömmu síðar, en framkvæmdir hafa legið niðri um skeið.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: SJM V, 624; Þjóðminjasafn

SM-239:003 þúst útihús

64°40.625N 14°20.681V

Ummerki um útihús eru um 55 m norðan við hús 002 og 205 m SSA við bæ 001. Þar sést bæði flatur stallur og niðurgrafinn grunnur. Útihúsið er ekki merkt inn á túnakort frá 1919 og er líklegt að um ungar minjar sé að ræða.

Minjarnar eru fast austan undir Kambinum í aflíðandi halla til austurs í túnjaðri. Litlu sunnan við þær sést steypur grunnur húss sem búið er að rífa og er ekki skráð.

Minjarnar eru á svæði sem er um 13x6 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Í norðurenda er stallur A. Hann er um 5x8 m að stærð og snýr norður-suður. Austurbrún hans er 0,4 m á hæð. Fast sunnan við hann er niðurgrafinn grunnur B sem er um 4,5x4 m að innanmáli og snýr einnig norður-suður. Mögulega var op í suðausturhorni. Grunnurinn er 0,3-0,4 m á dýpt. Ekkert grjótt sést í minjunum fyrir utan jarðfast grjótt á stöku stað. Ekki er vitað hvers konar útihús stóð á þessum stað.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

SM-239:004 heimild um kálgarð

64°40.591N 14°20.702V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var gerði fast suðvestan við hús 002. Á gömlum myndum af bænum frá því skömmu eftir aldamótin 1900 og finna má í Sarpi virðist gerðið vera notað sem kálgarður. Það virðist hafa verið torf- og grjóthlaðið og girt var ofan á hleðsluna með gaddavír en síðar með timburgrindverki. Ekki sjást greinileg ummerki um kálgarðinn lengur.

Sléttað malarplan er þar sem kálgarðurinn var og kofi þar sem æðardúnn er hreinsaður. Til vesturs er grasi gróin og brött brekka austan í Kambinum.

Kálgarðurinn virðist hafa verið rifinn og eru ummerki um hann því horfin. Mögulega sést móta fyrir útlínunum hans þar sem hann náði upp í brekkuna en þar er kantur sem liggur í horn og er 10x10 m að innanmáli. Óvíst er að ummerkin séu í tengslum við kálgarðinn.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=727566>; <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=777641>; <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=712425>


SM-239:005 hleðsla fjárhús

64°40.515N 14°20.618V

Grjóthlaðinn gafl sést enn þar sem fjárhús stóðu áður. Þau eru ekki merkt inn á túnakort frá 1919 og eru að öllum líkindum yngri en það. Búið er að rífa allt nema gaflinn og ýta efni úr fjárhúsunum upp í tvær stórar jarðvegsmanir. Hleðslan er um 160 m SSA við hús 002 og um 50 m norðvestan við garðlag 033.

Hleðslan er í túni austan við þjóðveg og vestan við vegarslóða sem liggur að húsi 002. Hún er hlaðin suðaustan í berggang sem gengur út úr Kambinum.

Hleðslan er um 13 m löng og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 1-2 m á breidd, breiðust í



Uppdrátturinn sýnir 13m grjóthlaðinn sem eru einu leifar fjárhúss 005



Fjárhús 005, horft til vest-norðvestur

suðvesturenda. Innri hlið hleðslunnar er um 2 m á hæð og mest sjást 11 umför en erfitt er að kasta tölu á fjölda umfara vegna þess hve misstórt grjótið í hleðslunni er. Hleðslan lækkar um 1 m nærri norðausturendanum á 3 m löngum kafla. Við suðvesturenda hleðslunnar sjást leifar af langvegg sem gengur til suðausturs á 2 m löngum kafla.

Þar eru jarðlægar hleðslur. Í framhaldi af

þeim er gríðarmikill gróinn haugur eða mön sem ætla má að hafi myndast við það að byggingarefni úr fjárhúsunum var ýtt upp. Suðvestan við hann er ógróinn jarðvegshaugur. Önnur jarðvegsmön er við norðausturenda hleðslunnar en hún er mun lægri en hin mönin. Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SM-239:006 heimild um útihús

64°40.530N 14°20.712V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús fast norðaustan við þjóðveg 1, um 30 m suðaustan við kálgarð 010 og um 10 m norðvestan við heimreið að húsi 002.

Útihúsið var í túnjaðri, um 45 m sunnan við steinsteypt íbúðarhús. Þjóðvegurinn og heimreiðin að bænum eru mikið upphækkaðir vegir og má ætla að útihúsið hafi horfið vegna vegagerðar.

Engin ummerki sjást um útihúsið.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919


SM-239:007 tóft útihús

64°40.670N 14°20.811V

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1919 rúma 100m sunnan við Bæjarhól 001. Tóft húsanna sést enn 130-140m aust-norðaustan við þjóðveg 001 og vestan við Kambinn. Um 10m norðan við útihúsin er önnur útihústóft 008.

Tóftin eru á sléttu svæði skammt frá lágum klettaborgum.

Tóftin er 14x6m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er einföld, hlaðin úr torfi og grjóti og eru veggir um 1m á hæð og um 1,5m á breidd. Tóftin er á kafi í grasi, þó eru grjóthleðslur vel sýnilegar í innanverðri tóftinni og má þar telja um 5-6 umför. Vottur



Uppdráttur sem sýnir afstöðuna milli útihúsa 007 og 008 og svo mögulegs náthaga 058 sem er sambyggður tóft 007.

af stalli liggur meðfram veggjum sem gæti verið ummerki eftir jötu en mögulega getur það líka verið hrun úr þaki. Op er á tóftinni nyrst á suðvestur langhlið.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1919

SM-239:008 tóft fjárhús

64°40.682N 14°20.820V

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1919 rúma 80m sunnan við Bæjarhól 001 og 130-140m ANA við þjóðveg 001. Tóftin er vestan við Kambinn.

Tóftin eru á sléttu svæði skammt frá lágum klettaborgum.

Tóftin er 13x12m að stærð og snýr vestur-austur. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og eru veggir um 1,5m á hæð og um 2m á breidd. Tóftin er þrískipt er eitt hólfið með garði í nyrðri hlutanum en tvö hólfi í þeim syðri. Það er ákveðið ósamræmi í heildarútliti tóftarinnar sem gæti bent til þess að um tvö byggingarstig sé að ræða og gæti nyrðri hlutinn verið eldri. Nyrðri hlutinn hefur eitt hólfið sem er 7x3m að innanmáli. Garði liggur eftir því endilöngu sem er um 30cm á hæð og á vesturgaflinum er op. Þarna hefur því verið fjárhús. Syðri hlutinn, sem hugsanlega er yngri byggingarstigið, er 9x3m að innanmáli og skiptist í tvö hólfi. Það er op á milli hólfanna og svo er op á vesturgafli. Vegghleðslur nyrðri hlutans eru



Útihús 007, horft til vesturs

um 1m á hæð og um 2m á breidd. Þær eru á kafi í grasi og eru engar sýnilegar grjóthleðslur í þeim. Veggir syðri hlutans eru um 1,5m á hæð og um 2m á breidd og eru greinilegar grjóthleðslur í henni að innanverðu og má þar telja um 7 umför.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919



Útihús 008, horft til vest-norðvesturs

SM-239:009 heimild um fjós

64°40.605N 14°20.690V

Á túnakorti frá 1919 er stór bygging sýnd fast norðvestan við hús 002. Þar var fjós og er það skráð á sérstakt númer þó að það sé sýnt sambyggt húsinu á túnakorti því að á gömlum en ótímasettum ljósmyndum sem finna má í Sarpi (menningarsögulega gagnasafni) má sjá að um torf- og grjóthlaðið mannvirki er að ræða sem virðist ekki vera sambyggt timburhúsinu.

Þar sem fjósið var er slétt malarplan.

Engin ummerki sjást um fjósið og hefur það verið rífið. Því virðist hafa verið ýtt út og má sjá ummerki um það norðan og norðaustan við gamla timburhúsið 002.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=712425>

SM-239:010 heimild um kálgarð

64°40.536N 14°20.733V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 110 m sunnan við hús 002, í túnjaðri fast norðaustan við þjóðveg.

Kálgarðurinn var austan í hlíðum Kambsins og er þar grasi gróið.

Engin ummerki sjást um kálgarðinn. Líklegt er að grjóthlaðið gerði hafi afmarkað kálgarðinn og að hann hafi verið rifinn og notaður í vegagerð. Þjóðvegurinn liggur að öllum líkindum yfir syðsta hluta kálgarðsins.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919


SM-239:011 Búland tóftaþyrping sel

64°40.622N 14°23.873V

„Það var fornbýlið Búland, yst á dalnum austan ár og síðar sel á sama stað tættur þess greinilegar,“ segir í Sveitum og jörðum í Múlapingi. „Þar inn með ánni er Sel, en niður af Selinu í ánni er Selfoss,“ segir í örnefnaskrá. „Á Búlandsdal hefur og eitt sinn verið sel frá Hálsi sem í langan tíma ei hefur brúkað verið, hvað sem tilkemur, því þar er fallett selstæði, að vísu kann þar að þykja graslítið fyrir kýr,“ segir í Sýslu og sóknarlýsingum. Í Árbók Ferðafélags Íslands segir: „Sel þetta kom



Tóft 011A, horft til austurs



Uppdrátturinn sýnir hólfskipan og afstöðu tófta 011A og 011B

tóft gefinn bókstafur í þessari lýsingu til auðkennis. Tóftir A og B eru standa nærri hvor annarri á svæði sem er um 35x23 m að stærð og snýr norður-suður en tóft C er 35m norðaustan við tóftir A og B. Tóft A er norðan við tóft B og er hún án efa mun yngri en



Tóft 011C, horft til suðurs

við sögu í Tyrkjaráni, því að þar handtóku ræningjar 11 manns frá Hálsi. Miklar rústir eru þarna ofarlega í allstóru graslendi upp frá ánni. Hér hefur líklega staðið fornþýlið Búland, sem Halldór Stefánsson getur um í eyðibýlaskrá sinni (Múlaþing 5, s. 186) og segir vera í Búlandsdal. Selið er sunnan undir Búlandstindi um 2,5 km vestan við bæ 001 og um 1,8 km NNV við Háls SM-236:001.

Selstæðið er allstórt og grasi gróið. Það virðist hafa verið sléttað að miklu leyti en í jöðrum þess er það orðið þýft. Lækjargil eru austan og vestan við selið og Búlandsá rennur í alldjúpu gili sunnan við það en dýpkar verulega neðan við Selfoss. Utan við selstæðið er mjög grýtt og þar er mosa- og lynggróður. Á selstæðinu eru þrjár tóftir á svæði sem er 60x55 m stórt og verður hverri

tóft B. Ekki er ólíklegt að tóft A sé að hluta eða öllu leyti byggð ofan í tóft B eða aðra eldri tóft en þess sjást ekki mjög skýr merki. Tóft A skiptist í fjögur greinileg hólfs og eitt óljóst hólfs að auki. Hún er um 24x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er torf- og grjóthlaðin. Hólfs I er við norðausturhorn tóftarinnar. Það er um 2x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á því til suðurs. Hólfs II er vestan við hólfs I. Það er um 6x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á því í suðausturhorni og annað ógreinilegra vestan við miðjan suðurvegg. Hólfs III er þar vestan

við. Það er langt og mjótt, 1x5 m að innanmáli, snýr norður-suður. Op er á því í suðurenda og óljóst op er úr því miðju til vesturs inn í hólfi IV. Það er um 2x4,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á því á miðri suðurhlið út úr tóftinni. Óljóst hólfi V er vestan við hólfi IV en er líkt og grafið inn í lága hæð sem tóftin er á. Það er um 1x0,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því til suðvesturs. Ekki er útilokað að þetta hólfi sé náttúrumyndun. Norðan við hólfi IV er þýft lág sem er 3x4,5 m að innanmáli og kann að hafa verið manngerð. Mesta hleðsluhæð í tóft A er um 0,6 m og 3 umför sjást í norðausturhorni í hólfi II en víðast er gróið yfir grjóthleðslur. Tóft B er fast sunnan við tóft A. Hún skiptist í tvo hluta og eru þrjú hólfi í hvorum þeirra. Heildarstærð tóftarinnar er um 25x15 m og snýr hún norður-suður og er í aflíðandi halla mót suðri. Í vestari hluta tóftarinnar eru hólfi I-III. Syðst er hólfi I sem er um 8x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki sést op á því til suðurs út úr tóftinni en op er á því til norðurs inn í hólfi II. Það er 1x0,5 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Hólfi III er norðan við hólfi II og á milli þeirra er grjóthrun og hefur verið op á milli hólfa. Hólfi III er 3x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það mjókkar til norðurs. Í austurhluta tóftarinnar eru hólfi IV-VI. Syðst er hólfi IV sem er um 2x3,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því til SSA út úr tóftinni. Annað op er á því til norðurs inn í hólfi V. Það er um 3x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Óljóst op er úr því til norðurs inn í hólfi VI. Það er um 2x1 m að innanmáli. Mögulega eru hólfi austan og vestan við hólfi VI en það er mjög óljóst. Mesta hleðsluhæð í tóft B er 0,4 m, ekki sést fjöldi umfara í hleðslum. Syðsti hluti tóftar B (hólfi I og svæði sunnan við hólfi IV) er mjög ógreinilegur og útflattur og er mögulegt að sá hluti sé eldri en aðrir hlutar tóftarinnar. Tóft C er niðurgrafin, hún er um 12x2m að innanmáli, snýr norður-suður og er op á suðurgaflinum. Ytra byrði er ógreinilegt ef það er þá nokkurt en hleðslugrjót sýnilegt við útmörk gryfunnar sem er um 40cm djúp. Tóftin gæti hafa verið kvíar. Talsvert svæði í kringum selið var gengið í leit að fleiri minjum en engar fundust. Nokkur byggingarstig eru sýnileg í selinu og ekki útilokað að minjar um fornbylíð Búland leynist þar undir sverði. Frekari rannsókna er þörf til að ganga úr skugga um það.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: SJM III, 422; Ö-Teigarhorn, 2; SSM, 558; ÁFÍ 2002, 113;


SM-239:012 hleðsla rétt

64°40.643N 14°24.100V

„Inn af Selinu [011] er gömul fjárrétt,“ segir í örnefnaskrá. Við brekkurætur Búlandstinds að suðvestanverðu er sumar-rúningsrétt. Hún er 2,7 km vestan við bæjarhól 001, um 180m vestan við sel 011 og um 270m norðvestan við Selfoss í Búlandsá.

Réttin er á svæði sem hallar til SSA og er það víða mjög mýrlent og blautt. Það einkennist af litlum klapparholtum og sunnan og neðan undan brekkunni sem réttin stendur í rennur Búlandsáin í nokkuð djúpu gljúfri.

Réttin er 21x15m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er grjóthlaðin og eru



Uppdrátturinn sýnir tóft 011C



Rétt 012, horft til suðurs


hleðslurnar á milli jarðfasts stórgrýtis sem notast hefur verið við til vinnusparnaðar við hleðslustörfin. Réttin er tvískipt. Nyrðra hólfið er 10x4m að innanmáli en það syðra um 10x8m. Op er á milli hólfa á suðvestur langhlið og einnig er op á réttinni austast á suðurgaflinum. Hæðin á vegghleðslunum er um 130 cm og má telja 5-6 umför en breidd veggja er nokkuð misjöfn eða frá 50-150cm.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Tegarhorn, 3



Kálgarður 013, horft til suðausturs



Uppdráttur af rétt 012



Kálgarður 013 liggur upp á lága kletthæð sem er við norðurenda kálgarðsins

SM-239:013 gerði kálgarður

64°40.744N 14°20.759V

Lítið gerði er í nokkurri brekku mót suðaustri um 20m norðaustan við bæjarhól 001 og rúma 140m norðvestan við rétt 018. Líklega afmarkaði gerðið kálgarð.

Gerðið er all nærri sjávarbakkanum, byggt upp að suðausturhlið lágs klapparholts og hefur því átt auðvelt með að fanga morgunsólina.

Gerðið er 30x10m að stærð, einfalt og snýr norðvestur-suðaustur. Vegghleðslurnar eru á

kafi í grasi en eru sennilega hlaðnar úr torfi og grjóti. Þær eru frekar veglegar um 120cm á hæð og um 2m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SM-239:014 tóft mylla

64°40.929N 14°20.938V

„Myllutótt við Rauðalæk niðri undir sjó,“ segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi. Myllutóft er um 100m vestan við sjávarkambinn, á syðri bakka Rauðalækjar. Tóftin er 380m NNV við bæjarhól 001 og 320m SSV við stekk 019.


Tóftin er fast við lítinn lækjarfoss sem fellur framm af lágri klöpp í frekar sléttum og



Mylla 014, horft til austurs

mýrlendum móa.

Tóftin er 5x4m að stærð og snýr vestur-austur. Hún er grjóthlaðin og eru vegghleðslurnar mis signar. Syðri veggurinn er um 1m á breidd og 90cm á hæð, um 6 umför og hlaðinn úr flötu grjóti. Nyrðri veggurinn hefur verið svipaður á breidd en er einungis um 20 cm á hæð. Tóftin er einföld en lág hleðsla er í henni miðri sem kemur út frá syðriveggnum. Þessi lága hleðsla hlýtur að hafa verið undirstöður hverfilsins. Tvö op



Uppdráttur af myllu 014. Örvarnar sýna hvar vatni hefur verið hleypt á myllunna

eru á tóftinni nyrst á báðum göflum og mun vatninu hafa verið hleypt á hverfilinn um þau, inn að vestan og út að austan. Myllusteinararnir eða kvarnaparið er geymt í kjallaranum á Weywadts-

húsi sem er í umsjá Þjóðminjasafns Íslands. Myllukofinn er fast sunnan við lækjarfossinn og því má gera ráð fyrir að vatninu hafi verið hleypt á um vatsstokk sem gerður hafi verið úr tré. Ekki sjást nein ummerki eftir þetta, aðeins slétt stétt vestan við tóftina.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SJM III, 422


SM-239:015 tóft útihús

64°40.614N 14°20.673V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 25 m norðan við hús 002 og um 15 m ASA við útihús 051. Lítil tóft sést enn á þeim stað. Eyjólfur Guðjónsson, heimildamaður, taldi að tóftin væri af haughúsi en hún virðist nokkuð langt frá þeim stað sem fjósið var á, eða



Tóft 015, horft til suðausturs



Uppdráttur af tóft 015

um 20 m norðaustar.

Tóftin er í túni, utan þess svæðis sem enn er slegið. Hún er suðaustan undir kanti sem hefur myndast við að byggingaleifar fjóss 009 og ef til vill fleiri mannvirkja var rutt út.

Tóftin er einföld, um 6x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni til norðausturs. Hún er torf- og grjóthlaðin og veggir hennar eru hæstir 0,5 m í norðvesturenda. Tóftin er gróin og engar grjóthleðslur sjást. Jarðlæg grjótpúst er fast NNV við tóftina og er hún um 1 m í þvermál. Óvíst er hvort hún tengist tóftinni eða hvernig hún er til komin.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

SM-239:016 Prófastagata heimild um leið

64°40.384N 14°20.456V

„Prófastagata er einnig innan við Eyfreyjunesvík [sjá Háls]. (Þar á prófastur að hafa farizt) „ segir í örnefnaskrá. Prófastagata lá á sömu slóðum og þjóðvegurinn.

Leiðin lá nærri sjó en er að mestu eða öllu leyti komin undir veg.

Engin ummerki um götur á leiðinni sáust í landi Teigarhorns. Ætla má að leiðin hafi verið alfaraleið um sveitina.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Teigarhorn, 1

SM-239:017 Brunnfjara brunnur

64°40.609N 14°20.626V

Inn og niður af Teigarhornsbænum er Brunnfjara og í henni lítill stapi. Fjaran er kennd við góðan brunn í túninu,“ segir í örnefnaskrá. Brunnurinn er merktur inn á túnakort frá 1919. Hann er um 50 m norðaustan við hús 002 og um 250 m suðaustan við bæ 001. Þessi brunnur var að líkindum ekki gerður fyrr en eftir að bærinn var fluttur af gamla bæjarstæðinu 001 undir lok 19. aldar. Ekki er vitað hvar brunnurinn var áður en bærinn var fluttur.

Brunnurinn er í túni, þeim hluta þess sem kominn er í órækt. Hann er í aflíðandi halla til austurs, í átt að sjávarbakkanum. Frá brunnum liggur rás fram á bakkann sem myndast hefur af vatnsrennsli úr brunnum.

Ofan í brunnum er skel af gömlu tundurdufli sem hefur verið þar lengi og af þeim sökum sést ekki ofan í brunnum. Hann hefur að öllum líkindum verið grjóthlaðinn en ekki er vitað hversu djúpur eða breiður hann var.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Teigarhorn, 1; Túnakort 1919



Undir skel af tundurdufli er brunnur 017 sem Brunnfjara mun vera kennd við. Horft til norðausturs


SM-239:018 Réttartangi tóft rétt

64°40.691N 14°20.605V

„Næsti tangi innan við er Réttartangi,“ segir í örnefnaskrá. Réttartangi er kenndur við rétt er um 135 ASA af bæjarhól 001 og um 180m NNA af íbúðarhúsi Weywadt sem var reist um 1880.

Réttin er fast við sjávarbakkann rétt utan við sléttuð tún.

Réttin er hlaðin úr grjóti milli tveggja klapparholta. Hún er 16x14m að stærð og snýr norður-suður. Norður og austur hliðar eru hlaðnar úr grjóti en há klöpp myndar



Uppdráttur af rétt 018



Rétt 018, horft til austurs

suðurhliðina. Réttinn er alveg opin til vesturs en þó má greina ummerki eftir kant sem liggur frá norðurhliðinni til suðurs og svo op syðst við suðurhliðina. Vesturhliðin liggur meðfram sléttuðu túninu og má vera að hún hafi að einhverju leiti verið sléttuð eða að þar hafi verið notast við timburgirðingu. Vegghleðslur eru um 120cm á hæð og um 1m á breidd. Vegghleðslan er vel hlaðin og má telja um 8-9 umför. Gólfflötur réttarinnar er mun minni en hleðslunnar segja til um því brött brekka er norðan til í réttinni. Nýtanlegur gólfhlötur er varla meiri en 12x10 m stór. Syðst í réttinni mótast fyrir eins konar palli og svo eru nokkrir jarðfastir steinar sem liggja í röð fyrir miðri réttinni sem gætil gefið til kynna að einhver skipting hafi verið í henni. Fast austan við réttina hefur verið lagður göngustígur.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Teigarhorn, 1

SM-239:019 Stekkaklettur tóft stekkur

64°41.082N 14°20.752V



Stekkur 019, horft til suðvesturs

„Innst við fjöruna er tangi, sem nefndist Rauðalækjartangi. Þá tekur við Stekkafjara. Hún nær inn að Stekkaklettum, allt niður að Hólmafjöru,“ segir í örnefnaskrá. Stekkur er um 650m beint norður af bæjarhóli 001, um 480m SSA við fjárborg 020 og rúma 320m NNA við myllu 014.

Stekkurinn er byggur upp að austurhlið klapparholts sem er mjög framarlega á sjávarbakka. Umhverfis hann er grösugur en blautur mói með klapparholtum.

Stekkurinn er 15x7m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er tvískiptur, Smærra hólfið er norðan til í stekknunum og er 5x3m að innanmáli en það stærra 8x3m að innanmáli. Stekkurinn er á kafi í grasi og eru vegghleðslur um 60cm á hæð og um 2m á breidd. Í innra byrði syðra hólfsins glittir í grjóthleðslur og munu vegghleðslur hlaðnar úr torfti og grjóti. Op hefur líklega verið á stekknunum úr norðurátt þar sem suðurendi stekksins er mjög nálægt sjávarbakknum og hann brattur.

Hættumat: engin hætta


Heimildir:Ö-Teigarhorn, 1



Uppdráttur af stekk 019

SM-239:020 Borgin tóft fjárskýli

64°41.335N 14°20.894V



Uppdráttur af fjárborg 020

Fjárborg 020, horft til norðvesturs

„Neðst við Hólmaffjöruna er Teigatangi. Þá koma nafnlausar smáfjörur og upp af þeim stendur gömul fjárborg, kölluð Borgin,“ segir í örnefnaskrá. „Leifar af fjárborg rétt innan við Teigartanga,“ segir í örnefnaskrá. Fjárborg er 480m NNV við stekk 019 og um 1,1km NNV við bæjarhól 001. Fjárborgin var hlaðin af Eyjólfri Jónssyni, afa Eyjólf Guðjónssonar í tíð Nicoline.

Fjárborgin er í jaðrinum á frekar flötu mýrlendi sem einkennist af klapparholtum fremst á sjávarbakka.

Fjárborgin er alveg hringlaga með op til suðausturs. Hún er 16m í þvermál og eru veggirnir tæpir 4m á breidd þar sem þeir eru breiðastir og um 1,5m á hæð. Borgin er grjóthlaðin úr frekar stóru grjóti og má telja um 4-5 umför. Meira ber á hrúni úr hleðslum að innan en utan en þó er sértaklega farið að hrynja úr norðaustur og suðvesturhliðunum. Ber það sennilega vott um ríkjandi vindátt. Hleðslur eru grónar efst.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Tegarhorn, 1; SJM III, 422

SM-239:021 Byrgistangi tóft herslubyrgi

64°41.482N 14°21.222V

„Innan við Brogina [020] er löng fjara, Langafjara. Þá kemur Byrgistangi. Á honum eru mörg grjóthlaðin byrgi notuð til að þurrka fisk,“ segir í örnefnaskrá. Grjóthlaðin byrgi eru um 370m norðvestan við fjárborg 020 og um 1,4km NNV við bæjarhól 001.

Byrgin eru fremst á klettatanga sem skagar í sjó fram. Tanginn er lítt gróinn en á honum markar klappir sem nýtast vel til þurrkunnar á fiski frá náttúrunnar hendi.

Á Byrgistanga eru tvö grjóthlaðin byrgi



Herslubyrgi 021, horft til suðurs

(sjá einnig 034). Byrgið sem hér er skráð er 2m sunnan við byrgi 034. Það er 9x4m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hleðslurnar eru U-laga og er byrgið opið til norðvesturs. Byrginu hefur verið hrúað upp með smáu og meðalstóru grjóti og má telja um 3 umför sem eru 60-70 cm á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Teigarhorn, 1-2


SM-239:022 Nauthúsabotnar tóftir óþekkt

64°40.272N 14°21.001V


„Inn af Reiðsundi [023] eru Nauthúsabotnar, gamlar rústir,“ segir í örnefnaskrá. Allmiklar tóftir eru í Nauthúsabotnum um 650 m suðvestan við bæ 002 og um 850 m suðvestan við bæ 001. Leið 038 um Nautalág liggur upp til suðvesturs frá tóftunum.

Tóftirnar eru norðaustan undir grýttum en að nokkru grónum hálsnum, suðvestast á gróðurtorfu á milli tveggja lækjargilja. Svæðið er nokkuð þýft og þar vex gras, mosi og lyng.

Á svæðinu eru fjögur greinanleg mannvirki, þrjár tóftir og ein gryfja og verður hverju um sig gefinn bókstafur í lýsingu þessari til aðgreiningar.



Uppdrátturinn sýnir afstöðu milli herslubyrgja 021 og 034



Tóft 022A, horft til norðurs




Tóft 022B, horft til vesturs



Tóft 022C, horft til vesturs



Tóft 022D, horft til vest-norðvestur



Uppdrátturinn sýnir afstöðu milli tófta 022A, 022B, 022C og 022D í Nauthúsabotum

Mannvirkin eru á svæði sem er um 50x30 m að stærð og snýr VNV-ASA. Austast á svæðinu er tóft A sem er mikil um sig og allfornleg. Hún skiptist í þrjú hólfi og snýr norður-suður. Tóftin er um 22x10 m að stærð og er í aflíðandi halla til norðurs. Nyrst í tóftinni er hólf I sem er um 5x2 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Hólfid mjókkar til suðurs. Að öllum líkindum var op inn í tóftina og hólf I í norðurenda en það sést ekki lengur. Úr hólfi I er op til suðurs inn í hólf II. Það er um 1,5x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á því til suðurs inn í hólf III. Það er dýpsta og greinilegasta hólfið og sést gróid grjóthrun í því. Hólfið er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og er mesta hæð veggja 0,4 m. Stór rústahóll er fast vestan við tóft A. Hóllinn er um 30x25 m að stærð og snýr VNV-ASA. Á honum eru tvær tóftir og ein gryfja. Austast á hólnum er tóft B sem virðist vera yngsta tóftin á svæðinu. Hún er 11x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin skiptist óljóst í tvö hólfi. Í austast í tóftinni er hólf I. Það er um 1,5x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Vestan við það er hólf II sem er um 1x3 m að innanmáli og snýr eins og hólf I. Grjóthleðslur sjást í innanverðum veggjum hólfs II en ekki sést fjöldi umfara. Ekki sést hlaðinn veggur á milli hólfa en op er á milli þeirra. Ekki er sýnilegt op inn í tóftina en það hefur að öllum líkindum verið í vesturenda. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og er mesta hæð veggja um 0,4 m. Fast sunnan við tóft B er gryfja D en þar er grunnur niðurgroftur í rústahólinn á svæði sem er 6x5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ógreinileg tota liggur inn úr gryfjunni til suðvesturs og er hún 3x2 m að innanmáli. Hlutverk gryfjunnar er ekki ljóst en hún kann að vera heystæði. Fast vestan við tóft B og gryfju D er útflótt tóft C sem er um 15x10 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er að líkindum torf- og grjóthlaðin en hvergi sést í grjót í veggjum. Tóftin virðist skiptast í tvö hólfi. Hólf I er í norðurenda tóftarinnar. Það er um 7x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er úr því til suðurs inn í gang (eða hólf) sem er 1x5 m að innanmáli og liggur að hólfi II. Það er mjög samansigið og er um 2x2 m að innanmáli. Ekki sjást op inn í tóftina. Ekki er ólíklegt að fleiri hólf séu í tóft C en ekki er hægt að greina þau á yfirborði. Mesta hleðsluhæð er

0,2 m. Örnefnið Nauthúsabotnar benda til þess að nautgripir hafi verið hafðir á húsum á þessum stað. Elstu minjarnar á svæðinu virðast allfornar og er ekki útilokað að býli hafi verið á þessum stað á öldum áður.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Teigarhorn, 2

SM-239:023 Reiðsund örnefni leið

64°40.286N 14°20.850V

„Í Kambinum upp undir hálsinum er Reiðsund,“ segir í örnefnalýsingu. Reiðsund er um 120 m austan við tóftir 022 og um 800 m sunnan við bæ 001. Gömul leið lá umundið og nú (2015) er þar bíslóði, gamall vegur. Farið var með vatnslögn Djúpavogshrepps umundið og liggur hún á köflum á sama stað og bíslóðinn.

Reiðsund er 15-20 m breitt skarð í gegnum Kambinn og er lítið um gróður þar. Leiðin sem lá um Reiðsund lá um móa og mýrlendi á milli klapparása.

Engin ummerki eru um reiðgötur í eða við Reiðsund og eru þær líklega horfnar undir gamla bílveginn og vegna vatnslínulagnar.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Teigarhorn, 1


SM-239:024 tóftir kartöflugarður

64°40.620N 14°20.724V

Tvær tóftir eru efst í brekku í Kambinum, um 60 m NNV við hús 002. Þarna var líklega kartöflugarður og kartöflugeymsla og eru minjarnar ungar.

Minjarnar eru í brattri brekku og sjást þær orðið illa vegna grenitrjáa sem vaxa brekkunni.

Minjarnar eru á svæði sem er um 13x6 m að



Uppdráttur af kartöflugarði 066



Kartöflugarður 066, horft til norðausturs

stærð og snýr norðaustur-suðvestur.

Tóft eða gryfja A er í suðvesturenda svæðisins. Hún er grafin inn í brekkuna og er um 7x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Fram af henni til suðausturs er lágur kantur. Norðausturendi hennar sést illa vegna trjágróðurs. Mesta dýpt er um 0,5 m. Að sögn Andrésar Skúlasonar, heimildamanns, voru ábúendur á Teigarhorni með grænmetisrækt á þessum stað og er líklegt að hér hafi kartöflur verið ræktaðar. Fast norðaustan við tóft A er tóft B. Hún er einföld og er að hluta niðurgrafin og að hluta hlaðin úr torfi. Viðarleifar er í suðvesturvegg og er sennilegt að tóftin sé af kartöflukofa. Hún er 4x2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést op á henni. Klettaveggur efst í Kambinum er nýttur sem norðvesturveggur. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

SM-239:025 Salómonshús bæjarstæði býli

„Afbýli [Teigarhorns] Salómonshús og grunur um fleiri smábýli byggð um stundarsakir, en ósannsakað mál,“ segir í ritinu Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. Salómonshúsa er getið í skrá Halldórs Stefánssonar um Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum en þar segir: „Ásmundarhús [233:013], Bjargarrétt [235:001], Halldórshjáleiga [233:014], Hrísey [233:015], Salómonshús [eingöngu skráð í undir Teigarhorni], smábýli á Búlandsnesinu, líklega sjósóknarbýli að mestu ... Halldórshjáleiga er sögð hafa farið í eyði 1757, Salómonshús 1707.“ Heimildum ber ekki saman um hvort Salómonshús voru í landi Teigarhorns eða Búlandsness en ólíklegt er að um tvö býli með þessu sama nafni hafi verið að ræða. Andrés Skúlason og Eyjólfur Guðjónsson, heimildamenn, telja að Salómonshús hafi verið á sama stað og fjárhús 055 voru síðar og steinsteypt íbúðarhús stendur nú (2015). Ekki reyndist unnt að staðsetja býlið með innan við 50 m skekkju. Heimildir: SJM III, 422; Múlaþing 5, 186

SM-239:026 garðlag túngarður

64°40.618N 14°20.841V

Túnakort Teigarhorns er án ártals en túnakort nágrannajarðanna voru gerð 1919 því má ætla að túnakort Teigarhorns sé frá sama tíma. Samkvæmt þessu túnakorti var túnið á



Syðsti hluti túngarðsins er grjóthlaðinn og liggur hann næst út að fjörukambinum. Mögulega hefur aldrei verið hlaðinn túngarður austan við túnið því þar afmarkar hafið og fjaran túnið. Horft til vesturs




Ummerki eftir annan hluta túngarðsins sjást í óræktuðu túni. Sá hluti túngarðsins hefur verið rifinn en sjá má þennan hluta á gamalli ljósmynd sem tekin var öðru hvoru megin við aldarmótin 1900. Horft til vest-norðvesturs



Lengsti hluti túngarðsins liggur vestan túnsins meðfram þjóðvegi 1. Horft til norðausturs eftir túngarði 026



Túngarðurinn er að stærstum hluta grjóthlaðinn en sumstaðar virðist hann einnig hafa verið hlaðinn úr torfi



Uppdrátturinn sýnir fornleifar með grænu en upplýsingar túnakorts frá 1919 með rauðu. Þegar þessar upplýsingar eru felldar saman sést að við gerð túnakortsins virðist ekki hafa verið tekið tillit til túngarðsins. Bláa línan sýnir ströndina.

Teigarhorni 2,4 hektarar. Túnakortið sýnir ennfreður að tún Teigarhorns hafa verið þrír misstórir skikar sem tengdust ekki. Til er ljósmynd í eigu Þjóðminjasafnsins sem sýnir garðlag í námunda við Teigarhornsbæinn. Í upplýsingum um myndina kemur fram að garðlagið sé túngarður og að myndin sé tekin á árabílinu frá 1895-1905 (<http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=622474>). Túngarður var skráður á Teigarhorni en ekkert samræmi er á milli hans og þeirrar afmörkunar sem sýnd er á túnakorti Teigarhorns. Sé tímasetning ljósmyndarinnar rétt virðist sem ekkert tillit hafi verið tekið til túngarðsins

sem þá lá umhverfis túnið við gerð túnakortsins.

Það sem enn sést af túngarðinum afmarkar vestur og suðurhlið túnsins. Túngarðurinn er í fjórum hlutum en út frá stefnu og legu hvers hlutar má gera ráð fyrir að um eina heild sé að ræða. Tveir syðstu hlutar túngarðsins eru um 150 - 200m sunnan við íbúðarhús byggt 1880 en svo liggja hinir tveir hlutar hans um 70m austan og meðfram þjóðvegi 1.

Syðsti hluti túngarðsins er grjóthlaðinn garður um 200 m suðaustan við hús 002 og um 15 m ANA við uppistandandi fjárhús. Að sögn Eyjólfss Guðjónssonar, heimildamanns, er garðurinn hluti af afgirtu hólfi 033 fyrir sauðfé sem hefur þá væntanlega verið sambyggt túngarðinum.

Garðlagsbrotið er í halla til austurs í þeim hluta túnsins sem kominn er í órækt.

Garðurinn liggur austur-vestur og er um 18 m á lengd. Til vesturs hverfur hann undir jarðvegsstall sem myndast hefur við byggingu fjárhúsa. Garðurinn er um 1 m á breidd og er gróinn. Hann er víðast um 30 cm á hæð.

50-60m vestan við syðsta hlutann sem lýst var hér að ofan eru ummerki eftir grjóthlaðinn túngarð sem hefur verið rifinn. Garðurinn sést á gamalli ljósmynd af bænum sem tekin var um aldamótin 1900 og í texta sem fylgir myndinni í Sarpi kemur fram að garðurinn sé túngarður. Ummerkin um garðinn sjást á mosa og grasi grónum stalli fast austan við þjóðveginn. Jarðlægar hleðslur úr garðinum sjást á um 30 m löngum kafla sem liggur VNV-ASA. Þær eru um 1 m á breidd. Líklegt er að grjótið úr garðinum hafi verið notað í vegagerð.

Lengsti hluti túngarðsins er um 330m langur og liggur syðst um rætur Kambsins en er norðar dregur liggur hann um gróinn móa. Tæpa 60m vestan við útihús 007 og 008 er stórt skarð í garðlagið sem líklegast má rekja til uppblásturs.

Við rætur Kambsins er garðurinn eingöngu grjóthlaðinn. Ekki hefur verið vandað til hleðslunnar heldur hefur flötu og frekar stóru grjótinu verið hrúgað upp og er garðurinn um 1m á breidd og um 70cm á hæð. Norðan við Kambinn verður garðurinn meira torfhlaðinn en svipaður að stærð. Rofið sem er á garðlaginu er um 30m langt en norðan við það er garðurinn mjög siginn, varla meira en 30cm á hæð og sjá má jarðsokkna steina í honum hér og þar. Í nyrsta hluta hans liggur troðin rás eftir honum miðjum.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:<http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=622474>

SM-239:027 heimild um brunn

64°40.600N 14°20.693V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 15 m vestan við hús 002 í brekkurótum Kambsins.

Brunnurinn var fast vestan við hlaðinn kant 053 á hlaðinu. Í brekkunni vestan við hann er grasi gróin brekka þar sem vaxa grenitré.

Brunnurinn sést ekki á yfirborði og að sögn Eyjólfss Guðjónssonar, heimildamanns, hefur verið tyrft yfir hann. Ætla má að hann sé heillegur undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1919

SM-239:028 tóft útihús

64°40.744N 14°20.832V

Lítill tóft er 40m norðvestan við bæjarhól 001 og um 110m norðan við útihús 008. Hún er byggð upp að aflöngum klapparhól sem liggur norður og suður. Tóftin er í jaðri túns.

Tóftin er 6x4m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld og mögulega er op á henni austast á norðurgaffli. Tóftin er byggð upp að klöpp en annars er hún á kafi í grasi. Vegghleðslurnar eru signar, um 60cm á hæð og um 1m á breidd. Tóftin hefur líklega verið einhver tegund af útihúsi.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SM-239:029 gryfja

64°40.659N 14°20.586V

Hákarlagryfjur eru um 180m suðaustan við bæjarhól 001 og 130m norðaustan við íbúðarhús Weywadt sem byggt var 1880.

Minjastaðurinn er fremst á sjávarbakka, allur gróinn grasi. Göngustígur var lagður þétt vestan við minjastaðinn 2014.

Gryfjurnar eru fjórar á svæði sem er 15x8 m að stærð og snýr í norður-suður. Þrjár nyrstu gryfjurnar hafa ekkert ytra byrði (eru bara niðurgroftur) en sú syðsta sker sig frá hinum og lítur helst út eins og helmingur af tóft sem mikið rof er komið í. Nyrsta gryfjan er um 2m í þvermál og um 80cm djúp. Rúmum 1m suðaustan við hana er önnur gryfja sem er 2x1m að stærð og um 70cm djúp. Um 2,5m beint suður af nyrstu gryfjunni er þriðja gryfjan um 1x1m að stærð og er hún um 40cm djúp. Syðst er svo gryfja sem er um 2x1,5 að stærð og um 50cm að dýpt en umhverfis hana er gróinn (60cm hár) uppmokstrarkantur sem minnir þó mest á vegghleðslu. Umfang syðstu gryfjunnar í heild er því um 5x4m.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SM-239:030 tóft hjallur

64°40.650N 14°20.520V

Tóft af hjalli er um 230m suðaustan við bæjarhól 001 og um 160m norðaustan við íbúðarhús Weywadt frá 1880. Hjallurinn er á landföstu skeri en stóran hluta af grandanum sem er á milli skers og lands tók af í aftakaveðri á 6. áratug 20. aldar. Til eru gamlar ótímasettar ljósmyndir af hjallinum á Sarpi (menningarsögulega gagnasafni).

Hjallurinn er á grónu landföstu skeri sem hefur brattar hliðar en frekar sléttlent efst.

Tóftin er 7x6m að stærð og snýr norður-suður. Hún samanstendur af tveimur grjóthlöðnum og samsíða veggjum og eru 3m á milli. Vegghleðslurnar eru nokkuð signar, sér í



Tóft 028, horft til vesturs



Hákarlagryfjur 029, horft til austurs




Hjallatóft 030, horft til suðvesturs

lagi vestari veggurinn. Eystri veggurinn er um 120cm á hæð (í honum sjást 8 umför) en vestari veggurinn um 90cm á hæð (4-5 umför). Vegghleðslur eru úr nokkuð misstóru grjóti. Sunnarlega á milli veggjana má greina steinlögn og má vera að hún sé ummerki eftir einhverja skiptinu eða gafl á hjallinum. Á gömlum ljósmyndum af hjallinum má sjá að umhverfis hann var hlaðinn garður. Ummerki eftir hann eru mikið til horfin en þó má sjá vott af yfirgróninni stétt vestan og sunnan við hjallin sem vera kunna leifar af þessum garði. Jafnvel er einnig vottur af slíkri steinlögn austan við hjallinn.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: <http://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=622490>



Teikningin sýnir uppdrátt af hjalli 030. Út frá hjalltóftinni má sjá glitta í grjót sem er svotil alveg hulið jarðvegi og má vera að það séu leifar girðingar sem lá umhverfis hjallinn.

SM-239:031 Grottakofafjara tóft

64°40.530N 14°20.524V

Að sögn Andrésar Skúlasonar, heimildamanns, var lýsisbræðsla í tíð Niels Peter Emil Weywadt (1814-1883) í kofa upp af Grottakofafjöru eða Grútarkofafjöru. Fjaran dregur nafn sitt af kofanum. Kofatóftin sést enn á tanga neðan við háar klappir á sjávarbakkanum. Tóftin er 175 m suðaustan við hús 002 og 80 m ANA við hleðslu 005.

Tóftin er á grasi grónum hluta tangans næst bakkanum á mjög litlu undirlendi.

Tóftin er einföld og líklega torf- og grjóthlaðin. Hún er um 3x3 m að stærð og mesta hæð veggja er um 0,2 m. Ekki sést skýrt op á henni en vesturveggur tóftarinnar er ógreinilegastur og mögulega var op á honum. Sunnan og austan við tóftina eru grónar gryfjur sem eru líklega eftir efnistöku í hleðslur eða hafa tengst lýsisbræðslunni á einhvern hátt.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots



Tóft 031, horft til austurs

SM-239:032 frásögn fiskreitur

64°40.515N 14°20.586V

Að sögn Andrésar Skúlasonar, heimildamanns, var Niels Peter Emil Weywadt (1814-1883) með fiskreit um 20 m austan við hleðslu 005 og um 160 m suðaustan við hús 002. Flatlent smápýft tún er þar sem fiskreiturinn var. Nokkurt rask hefur orðið á milli fiskreitsins og uppistandandi fjárhúsa í suðausturenda túnsins.

Engin ummerki um fiskreitinn sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SM-239:033 frásögn vörslugarður*64°40.497N 14°20.558V*

Að sögn Eyjólfssonar, heimildamanns, var afgirt hólfr sambyggt túngarðinum sem notað var fyrir sauðfé. Ekkert sér til minja eftir hólfið annað en grjóthlaðinn túngarðurinn 026 sem lýst er hér að framan.

Landið er í halla til austurs í þeim hluta túnsins sem komið er í órækt.

Ekkert sér til minja af sjálfu hólfinu.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SM-239:034 Byrgistangi hleðsla herslubyrgi*64°41.487N 14°21.221V*

„Innan við Borgina [020] er löng fjara, Langafjara. Þá kemur Byrgistangi. Á honum eru mörg grjótbyrgi notuð til að þurrka fisk,“ segir í örnefnaskrá. Grjóthlaðin byrgi eru um 370m norðvestan við fjárborg 020 og um 1,4km NNV við bæjarhól 001.

Byrgin eru fremst á klettatanga sem skagar í sjó fram. Tanginn er lítt gróinn en á honum markar klappir sem nýtast vel til þurrkunnar á fiski frá náttúrunnar hendi.

Á Byrgistanga eru tvö grjóthlaðin byrgi (sjá einnig 021). Byrgið sem hér er skráð er 2m norðan við byrgi 021. Það er 9x4m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hleðslurnar eru U-laga og er byrgið opið til norðvesturs. Byrginu hefur verið hrúað upp með smáu og meðalstóru grjóti og má telja um 3 umför sem eru 60-70 cm á hæð.

Hættumat: engin hætta

SM-239:035 garðlag óþekkt*64°40.706N 14°20.614V*

Greinilegur hryggur í sléttuðu túni er um 70m suðaustan við bæjarhól 001 og um 25m norðvestan við rétt 018. Hryggurinn er að öllum líkindum garðlag sem hefur verið sléttað.

Í sléttuðu túni.

Garðlagið er ríflega 70m langt og liggur þvert yfir sléttað tún frá SSV til NNA. Ekkert er hægt að segja um breidd þess né hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Garðlag 035, hort til aust-suðausturs

SM-239:036 frásögn landamerki*64°40.395N 14°20.465V*

Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 2002 segir:

„Við Prófastsgötu [016] vestan við víkina (Eyfeyjunesvík) liggja mörk jarðanna Búlandsness og Teigarhorns.“ Jörðin Framnes er byggð út úr Búlandsnesi og eru því mörkin á milli Teigarhorns og Framness. Að sögn heimildarmanns, Eyjólfssonar, var landamerkjavarða á merkjunum niður við sjó, neðan við Prófastsgötu 016.

Varðan var niður við sjó, á svipuðum slóðum og þjóðvegur 1 liggur nú (2015). Neðan vegar er vogskorin ströndin og ofan vegar mói og mýrar milli klapparása.

Varðan er horfin vegna vegagerðar.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: ÁFÍ 2002, 108

SM-239:037 varða landamerki

64°40.112N 14°20.619V

Varða er um 300 m sunnan við nýbýlið Kápugil, um 275 m norðaustan við landamerkjavörðu 059 og um 1,1 km sunnan við bæ 001.

Varðan er á klöpp hátt á Hálsunum sem eru grýttir og mosagrónir.

Varðan er um 1x1 m að stærð og 1 m á hæð.

Í henni sjást 4 umför af nokkuð stóru grjóti.

Að öllum líkindum er varðan landamerki milli Framness og Teigarhorns en þó ekki hornmark.

Hættumat: engin hætta



Varða 037, horft til norðaurs

SM-239:038 heimild um leið

64°40.237N 14°21.094V

Í bók Ingimars Sveinssonar Djúpivogur: siglt og róið um firði og eyjasund segir: „Fjölfarnar leiðir lágu yfir Hálsa. ... Annar vegarslóði lá upp frá Hálsi [SM-236] og Strýtu [SM-239b] dálítið utar eftir svokallaðri Nautalág. Var sú leið oft farin milli Hálsþorps og Teigarhorns, en síður ef ferðafólk ætlaði inn með Berufirði.“ Leiðin er sýnd á Herforingjaráðskorti 1:100 000. Fast norðaustan við Nautalág eru tóftir 022. Leiðin var skoðuð í láginni.

Nautalág er þröngt og grunnt gil sem er allbratt í landi Teigarhorns til suðvesturs. Í giliinu er grýttur lækjarfarvegur.

Ekki sáust skýr ummerki um götur í Nautalág en þó mótast fyrir troðningum hér og hvar í henni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ingimar Sveinsson 2003, 130; Herforingjaráðskort 115

SM-239:039 heimild um leið

64°40.434N 14°22.827V

Í bók Ingimars Sveinssonar Djúpivogur: siglt og róið um firði og eyjasund segir: „Fjölfarnar leiðir lágu yfir Hálsa. Var oftast farið upp Hringsbrekkur innan við Háls og norður með Hálsfjallinu neðan við svokallaðan Brattamel. Þar var götuslóði og mótaði fyrir hleðslu í götukanti. Hver þá steina hefur lagt veit ég ekki, en manni flýgur í hug hin haga hönd Jóns Finnbogasonar sem víða lagði kantsteina á þessu landshorni. Þessi gata lá síðan niður með Búlandsá og inn með Berufirði.“ Á Herforingjaráðskorti 1:100 000 er leið þessi sýnd. Leiðin var skoðuð um 830 m austan við sel 011 og um 1,6 km vestan við bæ 001.

Leiðin lá yfir mýrar og gróðurlausa mela.

Engin ummerki um leiðina sáust í landi Teigarhorns.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ingimar Sveinsson 2003, 130; Herforingjaráðskort 115

SM-239:040 Mógartjörn gryfja mógrafir

64°41.162N 14°21.095V

Mógartjörn er um 840m NNV við bæjarhól 001, 350m SSV við fjárborg 020, um 450m NNV við myllu 014 og um 300m ANA við stekk 019. Tjörnin var hluti af svokölluðum Mógartjörnum sem samkvæmt Eyjólf Guðjónssyni urðu til þegar vatn safnaðist fyrir í gryfjum eftir mósukurð.

Umhverfis er frekar flöt og þýfð mýri austan við langahraun.

Umfang tjarnarinnar var ekki mælt en bakkarnir eru um 50cm djúpir.

Hættumat: engin hætta



Ein af mörgum mógartjörnum, horft til suðausturs

SM-239:041 varða óþekkt

64°41.247N 14°21.081V

Varða er á hraunhrygg austan við Langahraun, um 210m suðvestan við fjárborg 020 og um 980m NNV við bæjarhól 001.

Varðan er efst á litlum hraunhrygg í frekar flötum en blautum móa.

Varðan er hringhlaðin og er um það bil tvö umför, um 50cm í þvermál og um 50cm á hæð. Enginn gróðurkragi er umhverfis hana en þó eru steinar grónir skófum. Varðan er hlaðin úr frekar stóru grjóti. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var hlaðin.

Hættumat: engin hætta



Varða 041, horft til austurs


SM-239:042 þúst óþekkt

64°40.459N 14°20.560V

Gróin grjóþúst er í NNA enda túnsins á Teigarhorni, um



Þúst 042, horft til suðurs. Uppdrátt-urinn hér til hægri sýnir teikningu af sömu þúst



270 m sunnan við hús 002 og um 70 m sunnan við garðlag 033.

Þústin er grýttum móa í litlu skarði í klöpp sem er aflíðandi til vesturs en brattir klettur eru til austurs.

Þústin er um 3,5x2,5 m að stærð og snýr norður-suður. Að austanverðu er hún um 1 m á hæð en að vestan rennur hún saman við klöppina. Ekki sjást standandi hleðslur. Þústin virðist vera hrunin tóft af litlum kofa en hlutverk hans er ekki þekkt.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SM-239:043 Grjótgarður garðlag landamerki

64°41.783N 14°22.924V

„Þá er stór vík innan við Búlandsá, er nær að Grjótgarði, en þar eru bæði hreppaskil og landamerki milli Teigarhorns og Urðarteigs [SM-212]“, segir í örnefnalýsingu. Garðurinn sést enn og er um 2,3 km norðan við sel 011 og um 2,6 m norðvestan við bæ 001. Þjóðvegur 1 liggur í gegnum garðinn og girðing á merkjum liggur langsum í gegnum hann á einum stað.

Garðurinn er í allbrattri brekku í austanverðum Búlandstindi. Ofan vegar eru grýttar skriður en neðan vegar er grasi gróið.

Garðurinn hlykkjast eftir hryggjum sem hafa hlaðist upp vegna grjótskriða úr fjallinu. Hann er um 210 m að lengd og snýr austur-vestur.

Stórt rof er á garðinum þar sem þjóðvegurinn liggur í gegnum hann og minni rof eru á honum ofan vegar þar sem hann er fremur ógreinilegur vegna grjóthruns. Breiðastur er garðurinn um 1 m og hæstur er hann um 0,5 m. Mest sjást 4 umför í hleðslum en víða eru hleðslur hrundar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Teigarhorn, 2



Grjótgarður 043, horft til vest-suðvestur

SM-239:044 tóftir óþekkt

64°40.399N 14°20.709V

Þrjár litlar og unglegar tóftir eru sunnan við þjóðveg 1, austan undir Kambinum, um 365 m sunnan við hús 002.

Tóftirnar eru í grýttum móa á milli túns og klapparáss.

Minjarnar eru á svæði sem er um 25x5 m að stærð og snýr norður-suður. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Nyrst er stæðilegasta tóftin A. Hún er úr grjóti og er hlaðin suðaustan í klapparvegg sem myndar norðvesturgafli. Ekki er hlaðið fyrir suðausturhlið tóftarinnar þar sem er op inn í hana. Tóftin er einföld og er hún um 3x2 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr þunnum grjóthellum og þó að veggir séu aðeins 0,5-0,6 m á hæð sjást 6-10 umför í þeim. Spýtnaleifar eru í og við tóftina. Ekki er ólíklegt að hún hafi gegnt hlutverki kartöflugeymslu. Hinar tvær tóftirnar eru þétt saman um 20 m sunnan við tóft A. Þær eru báðar einfaldar, litlar og með lága og mjóa vegg. Sennilega hafa börn dundað sér við að hlaða þær og eru þær ungar. Nyrðri tóftin B er 2,5x2 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er á henni til austurs. Veggir eru




Tóft 044A, horft til norðvesturs



Tóft 044B, horft til vesturs



Tóft 044C, horft til suðurs



Uppdrátturinn sýnir teikningar af tóftum 044A, 044B og 044C

0,4 m á breidd og 0,2 m á hæð. Mest sjást þrjú umför. Tóft C er um 4 m sunnan við tóft B. Hún er 2,5x1,5 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir hennar eru 0,3 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Mest sjást 2 umför. Op er á henni til norðurs og mjó hleðsla er fyrir suðurenda. Hættumat: engin hætta

SM-239:045 náma mógrafir

64°40.553N 14°20.563V

Ummerki um mógrafir eru um 120 m suðaustan við hús 002, frammi á sjávarbakka. Mógrafirnar eru á smápýfðu votlendu svæði suðaustan við túnið.

Mógrafarsvæðið er um 80x18 m að stærð og snýr norður-suður. Greinileg ummerki um stungu eru í norðurenda þar sem grafirnar eru 0,2-0,3 m á dýpt. Ekki stendur vatn í mógröfunum þar sem það getur runnið úr þeim fram af sjávarbakkanum. Þær eru grónar og pýfðar að hluta. Vestan við nyrsta hluta mógrafanna virðist vera torfhleðsla þar



Náma 045, horft til suðurs

á brúninni og eins má óljóst sjá hleðslu meðfram norðurbrún mógrafanna. Ef til vill hefur þessi nyrsti hluti verið notaður til að þurrka móinn sem stunginn var upp.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SM-239:046 gryfja mógrafir

64°41.044N 14°20.814V

Mógröf er 580-590m norðan við bæjarhól 001, um 80m SSV við stekk 019 og 220m NNA við myllu 014.

Tiltölulega flatt land sem einkennist af klettaholtum.

Mógröfin er 19x7m að stærð og snýr vestur-austur. Dýpt hennar er um 15cm og er hún þurr.

Hættumat: engin hætta

SM-239:047 þúst óþekkt

64°40.532N 14°20.600V

Ógreinileg þúst er í túni um 30 m norðaustan við hleðslu 005 og um 130 m suðaustan við hús 002.

Þústin er fast austan við malarveg sem liggur að húsi 002 og er rétt utan við mörk þess hluta túnsins sem enn er sleginn.

Þústin er um 8x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er flöt að ofan og er 0,1-0,2 m á hæð. Mögulega er þústin náttúrumyndum en svo virðist sem að í henni kunni að leynast byggingarleifar. Úr því verður ekki skorið nema með nánari



Þúst 047, horft til suðausturs

rannsókn.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SM-239:048 gryfja mógrafir

64°41.231N 14°20.839V

Lítill ferhyrnd gryfja sem gæti verið mógröf er um 900m norðan við bæjarhól og um 190m sunnan við fjárborg 020.

Gryfjan er í flötum þýfðum móa.

Gryfjan er 3x1m að stærð og snýr norður-suður. Hún er um 30cm að dýpt. Líklegast er um mógröf að ræða en hún er óvenju lítil, mögulegt er að mórinn sem kom upp úr gryfjunni hafi ekki þótt nógu góður og því hafi verið hætt við frekari mósukurð á þessum stað.

SM-239:049 varða óþekkt

64°40.477N 14°20.709V

Þrjár vörður eða hleðslur eru uppi á Kambinum sunnan við þjóðveg 1 og um 200 m sunnan við hús 002.

Minjarnar eru uppi á gróðursnauðum og grýttum klapparási.

Minjarnar eru á svæði sem er um 38x8 m að stærð og snýr norður-suður. Nyrst er hleðsla A sem er hlaðin á klöpp. Hún er um 1,2x0,6 m að stærð og snýr norður-suður. Hleðslan

er að mestu hrunin en hún er 0,3 m á hæð og í henni sjást tvö umför. Lítil snyrtileg og ungleg varða er um 12 m SSA við hleðslu A. Hún er um 0,5x0,3 m að stærð og snýr austur-vestur. Varðan er um 0,3 m á hæð og í henni sjást þrjú umför. Hleðsla C er um 25 m sunnan við vörðu C. Hún er um 1,2 m í þvermál og 0,4 m á hæð. Hleðsla C er hrúga af stóru grjóti sem virðist hafa verið hlaðið meðfram rafmagns-eða símastaur sem búið er að fjarlægja. Við hleðsluna er búið að festa járnlykkju í klöpp og undir grjóti er járn- og postulínsbrak. Öll þessi mannvirki eru ungleg en aldur þeirra er ekki þekktur.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Varða 049, horft til norðurs

SM-239:050 gryfja mógrafir

64°41.228N 14°20.835V

Tvær litlar gryfjur þar sem líklegt er að mór hafi verið stunginn eru 190-200m sunnan við fjárborg 020 og um 900m norðan við bæjarhól 001.

Umhverfið er frekar flatur en þýfður mói.

Gryfjurnar tvær eru á svæði sem er um 5x3m að stærð. Þær eru báðar um 1,5m á kannt og er um 1,5m á milli þeirra. Þær eru um 30cm á dýpt. Líklegast eru gryfjurnar mógrafir en þær eru óvenju litlar, mögulegt er að mórinn sem kom upp hafi ekki þótt nógu góður og því hafi verið hætt við frekari móskurð á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

SM-239:051 heimild um útihús

64°40.617N 14°20.686V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 35 m norðan við hús 002 og um 15 m norðvestan við útihús 015. Húsið sést á ljósmynd af bænum sem má finna í Sarpi og var tekin á tímabilinu 1879-1881. Búið er að rífa húsið.

Útihúsið var í túnjaðri austan undir Kambinum. Í hlíðinni vestan við það er greniskógur.

Þar sem húsið stóð má enn sjá um 1 m háan kant neðst í brekkunni austan í Kambinum. Hann er um 7 m langur. Ofan við hann til vesturs er flati sem er um 3x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki sjást önnur ummerki um þetta útihús og nánara hlutverk þess er ekki þekkt.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=676598>



Útihús 051, horft til norðurs

SM-239:052 gryfja mógrafir

64°41.227N 14°20.869V

Mógröf er um 900m norðan við bæjarhól 001 og 180-190m sunnan við fjárborg 020.

Flatir þýfður mói sem er mjög mýrlendur.

Mógröfin er 16x15m að stærð. Hún er nokkuð óregluleg í laginu en kantar hennar eru um 30cm á dýpt. Hún dýpkar eftir því sem nær dregur miðju hennar og situr þar vatn í henni.

Hættumat: engin hætta

SM-239:053 kantur

64°40.604N 14°20.698V

Bogadreginn grjóthlaðinn kantur er í brekkurótum Kambsins vestan við hús 002.

Á túnakorti frá 1919 er teiknuð lína á þessum stað sem lá á milli útihúss 051, brunns 027 og kálgarðs 004. Ætla má að þarna hafi verið einhvers konar hleðsla en Andrés Skúlason, heimildamaður, taldi að kanturinn sem sést væri ung hleðsla og kann hún að hafa verið endurhlaðin.

Austan við kantinn er slétt malarplan og vestan við hann er brött brekka með greniskógi.

Kanturinn er um 26 m á lengd og liggur í mjúkum boga til vesturs frá suðri til norðurs.

Hann er um 0,5 m á breidd, 0,7 m á hæð og í honum sjást 3-4 umför.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919



Kantur 053, horft til vest-suðvesturs

SM-239:054 gryfja mógrafir

64°41.152N 14°20.852V

Mógröf er um 780m norðan við bæjarhól 001 og um 330m sunnan við fjárborg 020.

Mógröfin er í flötum móa sem er mjög mýrlendur.

Mógröfin er 9x5m að stærð og snýr vestur-austur. Dýpt hennar er um 30cm. Hún er nokkuð grýtt í botninn en mjög blaut.

Hættumat: engin hætta

SM-239:055 heimild um fjárhús

64°40.555N 14°20.713V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 80 m norðan við hús 002. Það var á sama stað og íbúðarhús sem byggt var í kringum 1980 stendur nú (2015). Andrés Skúlason og Eyjólfur Guðjónsson, heimildamenn, telja að Salómonshús 025 hafi verið á sama stað og fjárhúsin. Fjárhúsin má sjá á ljósmynd af bænum í Sarpi sem tekin var á tímabilinu 1872-1935.

Undir yngsta íbúðarhúsinum er kjallari sem steiptur er á klöpp. Í kringum húsið eru jarðvegsstallar. Töluverður trjágróður vex umhverfis húsið.

Engin ummerki sjást um fjárhúsin sem hafa að líkindum verið rifin og mokað burt við

byggingu steinsteypts íbúðarhúss. Á ljósmyndinni af þeim í Sarpi sést að húsin voru torf- og grjóthlaðin. Tvær burstir voru á þeim og dyr á báðum framgöflum. Hlaða var aftan við fjárhúsin og þvert á þau. Hún virðist hafa verið grafin að hluta inn í brekkuna í Kambinum.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=632740>

SM-239:056 tóft óþekkt

64°40.631N 14°20.773V

Grjóthlaðin tóft er hlaðin undir vesturhlið Kambsins 60-70m suðaustan við útihús 007 og 90-100m norðvestan við íbúðarhús Weywadt 002 frá 1880.

Flatir grasbali þétt upp við klett.

Lítil kró hefur verið hlaðinn framan við smáa geil í klettavegg og hún notuð til að afmarka krónna til suðurs, austurs og norðausturs. Innanmál geilarinnar er um 5x6m og snýr hún norðvestur-suðaustur en sjálf króin er 8x5m að stærð og hefur sennilega verið tvískipt. Opið á geilinni hefur verið þrengt með tveimur hleðslum, úr torfi og grjóti, sitt hvoru megin og svo virðist sem þriðja hleðslan hafi verið hlaðin fyrir framan hinar tvær en hún er mjög sigin. Vegg-hleðslunnar eru um 1m á breidd og um 40cm á hæð. Ekki er vitað í hvaða tilgangi þessa hleðslur voru gerðar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Tóft 056, horft til norðvesturs

SM-239:057 renna áveita

64°40.486N 14°20.555V

Um 15 m sunnan við garðlag 033 og litlu austan við uppistandandi fjárhús er renna sem virðist vera manngert ræsi en kann að vera náttúruleg. Rennan hefur ræst fram vatn í mýrlendi.

Rennan er í grasi grónu, smápýfðu deiglendi sem kann að hafa verið slegið áður fyrr en er komið í órækt.

Rennan myndar gleitt horn sem liggur frá vestri til suðausturs fram á sjávarbrún. Hún er 18 m á lengd, um 0,5 m á breidd innanmáls og 0,1-0,2 m á dýpt. Mikið af grjóti er í renninni sem virðist vera aðflutt en kann að vera náttúrulegt. Vatn rennur eftir henni í sjó fram.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Renna 057, horft til suðausturs

SM-239:058 hleðsla óþekkt*64°40.659N 14°20.796V*

Vestan við Kambinn, sambyggt fjárhúsum 007 er einhvers konar grjóthlaðið aðhald eða gerði sem gæti hafa þjónað sem náttthagi. Það er sunnan við fjárhús 007 og sambyggt þeim eins og áður sagði, um 90m suður af bæjarhól 001.

Aðhaldið er byggt á milli jarðfastra kletta í grösugu landi sem hallar lítið eitt til vesturs.

Svæðið sem er 36x32m að stærð eða um 700 fermetrar og snýr austur vestur er afmarkað með grjóthleðslum sem liggja á milli fjögurra jarðfastra bjarga. Vegghleðslurnar eru misjafnar að gerð og ástandi. Syðstu hleðslunar eru hlaðnar úr torfi og grjóti og eru þær hvað greinilegastar, þær eru um 1,5m á breidd og um 80cm á hæð. Aðrar hleðslur eru svo til eingöngu úr grjóti og eru þær sumar einungis eitt umfar. Má vera að grjótið úr sumum hleðslunum hafi verið tekið niður.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Aðhald 058, horft til vesturs. Aðhald 058 er sambyggt tóft 007 og má sjá teikningu af aðhaldinu á uppdrætti á bls. 15

SM-239:059 varða landamerki*64°40.030N 14°20.908V*

Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 2002 segir: „Við dalsmynnið [Búlandsdals] hætta landamörk að fylgja ánni en liggja út eftir um Þrímenninga, öðru nafni Goðsteina, sem eru þrír steinar jarðfastir, og fylgja síðan línu sem dregin er um vörður út í Hálsamót.“

Á merkjum milli Háls og Teigarhorns fundust þrjár vörður (sjá einnig 061 og 063). Suðaustasta varðan, sú sem er skráð hér, er um 280 m suðvestan við landamerkjavörðu 037 og um 1,3 km sunnan við bæ 001.

Varðan stendur hátt á Hálsunum sem eru grýttir og mosagrónir.

Varðan stendur vel og er um 1x1 m að grunnfleti. Hún er 1,2 m á hæð og í henni sjást 5-6 umför. Varðan er skófum vaxin. Lítil hleðsla er um 1 m norðan við vörðuna en hlutverk hennar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁFÍ 2002, 113



Varða 059, horft til norðvesturs

SM-239:060 hleðsla óþekkt

64°41.257N 14°21.090V

Hleðsla úr grjóti er um 210m suðvestan við fjárborg 020, um 1km NNV við bæjarhól 001 og um 420m norðvestan við stekk 019. Hleðslan er tæplega varða og sennilega ekki gildra heldur. Hún er á sama hraunklettinum og varða 041.

Hleðslan er á litlum hraunhrygg í frekar flötum og blautum móa.

Hleðslan er hlaðin upp eins og lítið skýli með op til norðausturs. Hún er um þrjú umför, 80x80cm að stærð og um 60cm á hæð.

Hættumat: engin hætta



Hleðsla 060, horft til norðausturs

SM-239:061 varða landamerki

64°40.127N 14°21.365V

Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 2002 segir: „Við dalsmynnið [Búlandsdals] hætta landamörk að fylgja ánni en liggja út eftir um Þrímenninga, öðru nafni Goðsteina, sem eru þrír steinar jarðfastir, og fylgja síðan línu sem dregin er um vörður út í Hálsamót.“

Á merkjum milli Háls og Teigarhorns fundust þrjár vörður (sjá einnig 059 og 063). Miðvarðan er á merkjum milli Háls og Teigarhorns um 405 m norðvestan við landamerkjavörðu 059 og um 1,2 km suðvestan við bæ 001.

Varðan stendur hátt á Hálsum sem eru grýttir og mosagrónir.

Varðan stendur enn vel og er um 1,1 m í þvermál. Hún er um 1,3 m á hæð og í henni sjást 6-7 umför. Varðan mjókkar lítið upp og er skófum vaxin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁFÍ 2002, 113



Varða 061, horft til norðurs

SM-239:062 varða óþekkt

64°40.900N 14°21.994V

„Fyrir neðan Breiðumýri er Gildruhraun, en niður af Gildruhrauni er Langahraunsmýri,“ segir í örnefnaskrá. Hrunið vörðubrot er efst á klettaholti, um 1 km VNV við bæjarhól 001, um 160m norðvestan



Hleðsla 062, horft til norðurs

við rafstöð og 18m sunnan við stekk 064.

Klapparholt sem liggur norður suður.

Varðan er 1x1m að stærð og um 30-40cm á hæð, aðeins eitt umfar. Varðan er alveg hrunin.

Hættumat: engin hætta

SM-239:063 varða landamerki

64°40.188N 14°21.701V

Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 2002 segir: „Við dalsmynnið [Búlandsdals] hætta landamörk að fylgja ánni en liggja út eftir um Þrímenninga, öðru nafni Goðsteina, sem eru þrír steinar jarðfastir, og fylgja síðan línu sem dregin er um vörður út í Hálsamót.“

Á merkjum milli Háls og Teigarhorns fundust þrjár vörður (sjá einnig 059 og 061). Norðvestasta varðan er á merkjum milli Háls og Teigarhorns um 290 m norðvestan við landamerkjavörðu 061 og um 1,2 km suðvestan við bæ 001.

Varðan stendur allhótt á Hálsum sem er grýttir og mosagrónir. Varðan er stæðileg og stendur vel. Hún er um 1,1 m í þvermál og 1,3 m á hæð. Í henni sjást 7 umför og mjókkar hún lítið upp. Varðan er skófum vaxin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁFÍ 2002, 113



Varða 063, horft til vest-norðvesturs

SM-239:064 hleðsla óþekkt

64°40.910N 14°21.991V

Grjóthlaðin tóft sem að öllum líkindum hefur verið stekkur er 1km VNV við bæjarhól 001, tæpum 20 m norðan við hleðslu 062 og 830-840m vestan við myllu 014.

Landið einkennist af löngum klettaholtum sem liggja norður-suður en á milli þeirra er nokkuð blautt.

Tóftin er byggð upp við klettavegg sem myndar norðvestur langhlið stekksins og stór, jarðföst björg mynda suðausturhliðina. Því hefur einungis þurft að hlaða fyrir gaflana. Svæðið er 3x2m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Vegghleðslurnar eru um 50cm á hæð og hlaðnar úr frekar stóru grjóti. Þær eru orðnar nokkuð signar.

Hættumat: engin hætta



Hleðsla 064, horft til vesturs

SM-239:065 hleðsla refagildra

64°40.615N 14°22.800V

Tvær grjóthrúgur eru á mosagrónum mel austan við Búlandsá, um 850 m austan við sel 011 og um 1,6 km vestan við bæ 001. Sú stærri er líklega hrunin refagildra en óvíst er með hlutverk þeirrar minni.

Minjarnar eru syðst á háum melhryggjum sem eru austan við Búlandsá. Malarvegur liggur skammt neðan og suðaustan við minjarnar á leið inn í Búlandsdal.

Stærri grjóthrúgan, meint refagildra, er um 1 m á kant og 0,4 m á hæð. Op virðist vera inn í hana í norðausturenda. Minni grjóthrúgan er 1 m austan við refagildruna. Hún er um 0,6 m í þvermál og 0,2-0,3 m á hæð.

Hættumat: engin hætta



Hleðsla 065, horft til suðvesturs

SM-239:066 tóft kálgaður

64°40.618N 14°20.652V

Lítill ferhyrnd tóft er um 60m norðaustan við íbúðarhús Weywadt 002 sem var reist um 1880, um 70m austan við kartöflugarð 066 og 80m suð-suðvestan við hákarlagryfju 029. Tóftin er í túni sem er í órækt þétt austan við lágan klöpp.

Tóftin er einföld, um 7x7m að stærð. Ekki var hægt að greina neitt skýrt op á henni. Vesturhliðin er svo til útflött er aðrar hliðar eru um 50cm á breidd og um 30cm á hæð. Veggahleðsur eru grónar og má vera að í þeim sé grjót þó það sjáist ekki. Við norðurenda klapparinnar er grjóthrúa sem sennilega er tilkomin vegna grjóthreinsunar úr túninu.

Hættumat: hætta




Kálgaður 066, horft til aust-suðausturs

4. Niðurstöður

Samkvæmt Jarðatali Johnsens frá 1847 var Teigarhorn hjáleiga frá Hálsi í Hamarsfirði. Lítið sem ekkert er vitað um hvenær Teigarhorn byggðist fyrst en þegar fyrsta manntalið á Íslandi er tekið 1703 búa að Teigarhorni fimm sálir. Það er enn fremur í byggð manntalsárin 1835, 1840, 1845, 1850, 1855 og 1860 (Þjóðskjalasafn Íslands, a). 1870 er ekki vitað um ábúendur að Teigarhorni en það er vegna þess að manntalsskýrslur úr Eyjafjarðar-, Þingeyjar- og Múlasýslum frá því ári glötuðust í Kaupmannahöfn (Þjóðskjalasafn Íslands, b). Teigarhorn var einnig í byggð manntalsárið 1880 en um það leyti er talið að Níels Weyvadt hafi byggt íbúðarhús í dönskum stíl (sjá minjastað SM-239:002) sem núna er í eigu Þjóðminjasafnsins (Þjóðminjasafn).


Teigarhorn er áhugaverður staður fyrir margra hluta sakir. Þar er að finna einn athyglisverðasta og þekktasta fundarstað zeólíta eða geislasteina á Íslandi og hefur verið komið upp nýju safni til að koma upplýsingum um þá til ferðafólks (Brynja Davíðsdóttir 2013, bls. 33). Þar bjó einnig fyrsti kvenljósmyndari landsins Nicoline Weyvadt og svo vekur nýuppgert húsið hans Níelsar Weyvadt frá 1880 líka athygli (Brynja Davíðsdóttir 2013, bls. 52). Allur hefðbundinn búskapur hefur verið lagður niður á Teigarhorni og jörðinni breytt í fólkvang og er nú þegar farið að vinna að því að gera svæðið aðgengilegt fyrir ferðafólk með lagningu stíga (Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur 2014). Teigarhorn er fallett minjasvæði, alveg við Þjóðveg 1 og hentar því einstaklega vel sem útivistarsvæði fyrir almenning og sem áningarstaður fyrir ferðamenn. Samtals voru skráðar 66 fornleifar í landi Teigarhorns og eru flestar þeirra í eða við heimatúnið. Auðvelt væri að vekja athygli ferðamanna á sýnilegum minjastöðum með teikningum, textum og þeim fjölmörgu ljósmyndum sem til eru frá Teigarhorni.




Fornleifaskráningin á Teigarhorni var framkvæmd með tvennum hætti, var heimatúnið deiliskráð (afmarkað á korti með gulri línu, sjá bls. 9 og 46) en landið utan þess aðalskráð (afmarkað með rauðri línu, sjá bls. 4 og 46). Sama heimilda- og undirbúningsvinna liggur að baki báðum þessum tegundum skráningar en helsti munurinn er sá, að við aðalskráningu er einungis gengið á alla þá staði sem vitneskja hefur fengist um úr heimildum, við loftmyndaleit og í viðtölum við heimildamenn. Í deiliskráningu eru svæði aftur á móti þrautgengin, jafnvel þar sem engar vísbendingar eru um að fornleifar sé að finna.

Áður en fornleifaskráningin var gerð var byrjað á hönnun og lagningu göngustíga um heimatúnið á Teigarhorni. Samkvæmt skýrslu um hönnun stíganna þarf að grafa 30 - 60 cm djúpan skurð fyrir stígum og skipta á jarðvegi og fyllingu sem á að vera frostfrí (Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur 2014, bls. 22 -25). Ennfremur þarf sumstaðar að koma fyrir rörum undir göngustígum til að leiða grunnvatn undir stígana (Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur 2014, bls. 7). Ekki er að finna uppdrátt í umræddri skýrslu um hvernig göngustígur ásamt röri verður eða hefur verið útfærður en ekki er óeðlilegt að áætla að í þeim tilvikum yrði um dýpri skurð að ræða. Eins og áður hefur verið minnst á hefur vinna við gerð stíga þegar hafist, og var byrjað á henni 2014. Liggja stígarnir nærri eða mjög nálægt eftirtöldum minjum: 001, 003, 013, 015, 018, 029, og 035.

Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða en það er Minjastofnunar Íslands að leggja mat á gildi þeirra og úrskurða um hvort áhrif framkvæmda á fornleifar séu ásættanleg og þá til hvaða mótvægisáðgerða gæti þurft að grípa. Samkvæmt 22. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012) er 15 metra friðhelgt svæði umhverfis fornleifar.



Uppdrátturinn sýnir afstöðu göngustíga sem lagðir voru 2014 og sýnilegra minjastaða í heimatúni Teigarhorns. Minjastaðirnir eru sýndir með svartri línu og grænni fyllingu, göngustígar með rauð-brúnni brotinni línu og ströndin með blárri línu



Númer innan ramma
vísar til númer korts
hér að aftan

4
239012 239011C 239065B
239011A 239011B 239065A
239039


5
239043
239021 239021B
239060 239020
239050
239040 239054
239046 239019
239062 239064 239014

3
239063 239061 239037
239059 239059
239022 239022A
239022C 239023
239049A 239016
239010 239031
239025 239030
239026 239030

2
239010 239031
239025 239030
239026 239030







239049C

239044A

239044B
239044C

239022B
239023

239022C
239022A

239022D

239038

239063

239061

239037

239059B
239059


239012

239011C

239011A
239011B

239065B
239065A

239039





Heimildir:

ÁFÍ 2002: Hjörleifur Guttormsson (2002). *Austfirðir frá Álfafirði til Fáskrúðsfjarðar*. Árbók Ferðafélags Íslands. Reykjavík: Ferðafélag Íslands

Brynja Davíðsdóttir (2013). *Náttúruvættið og fólkvangurinn Teigarhorn*. Landvarðarskýrsla sumarið 2013.

Ingimar Sveinsson 2003. *Djúpivogur. Silgt og róð um firði og eyjasund*. Djúpivogur: Djúpavogshreppur

Múlaping 5: Halldór Stefánsson (1970). „Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum.“ Ármann Halldórsson (ritstj.). *Múlaping*. Rit sögufélags austurlands. Hefti 5. Neskaupstaður: Sögufélag Austurlands

SJM III: *Sveitir og jarðir í Múlapingi* (1976). Ármann Halldórsson (ritstj.). Bindi 3. Egilsstaðir: Búnaðarsamband

SJM V: *Sveitir og jarðir í Múlapingi*. (1995). Ármann Halldórsson (ritstj.). Bindi 5. Egilsstaðir: Búnaðarsamband

SSM: *Múlasýslur. Sýslu og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags*. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson (ritstj.) (2000). Reykjavík: Sögufélagið og Örnefnastofnun Íslands

Sædis Gunnarsdóttir (2004). *Menningarminjar í Djúpavogshreppi*. Svæðisskráning. FS239-03191. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands

Teiknistofa Guðrúnar Jósndóttur (2014). *Teigarhorn - Deiliskipulag. Stígakerfi - 1. áfangi - Nærsvæði*. Reykjavík: Teiknistofa Guðrúnar Jósndóttur

Umhverfisstofnun. Teigarhorn, Djúpavogshreppi. Sótt 05.07.2015 af: www.ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/austurland/teigarhorn/

Þjóðminjasafn Íslands. Teigarhorn við Berufjörð. Sótt 05.07.2015 af: <http://www.thjodminjasafn.is/minjar-og-rannsoknir/husasafn/husin-kort/nr/392>

Þjóðskjalasafn Íslands (a). Manntöl. sótt 05.07.2015 af: www.manntal.is

Þjóðskjalasafn Íslands (b). Manntöl. sótt 05.07.2015 af: <http://www.manntal.is/efni/upplýsingar/um-hvert-manntal>

Herforingjaráðskort 115 (1986). „Breiðdalsvík“. Reykjavík: Landmælingar Íslands

Óutgefnar heimildir:

Túnakort Teigarhorns frá 1919. Þjóðskjalasafn Íslands

Ö-Teigarhorn: Örnefnaskrá Teigarhorns. Skráð eftir Jóni Lúðvíkssyni. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Hnitaskrá ISN93

<i>Samtala</i>	<i>X</i>	<i>Y</i>	<i>Samtala</i>	<i>X</i>	<i>Y</i>
SM-239:001	721956.48	472362.08	SM-239:043	720111.54	474196.18
SM-239:002	722051.55	472125.8	SM-239:044A	722056.87	471760.52
SM-239:003	722048	472181.02	SM-239:044B	722054.11	471739.81
SM-239:004	722036.76	472116.53	SM-239:044C	722055.1	471736.45
SM-239:005	722113.28	471980.43	SM-239:045	722151.74	472054.2
SM-239:006	722036.76	472002.92	SM-239:046	721885.48	472949.85
SM-239:007	721939.32	472256.96	SM-239:047	722125.31	472012.19
SM-239:008	721930.45	472277.67	SM-239:048	721840.51	473293.63
SM-239:009	722043.86	472142.76	SM-239:049A	722040.11	471914.76
SM-239:010	722018.81	472012.78	SM-239:049B	722046.42	471904.1
SM-239:011A	719515.7	471989.11	SM-239:049C	722043.07	471879.25
SM-239:011B	719515.89	471976.69	SM-239:050	721843.47	473289.68
SM-239:011C	719474.47	472008.24	SM-239:051	722045.83	472165.64
SM-239:012	719332.86	472014.95	SM-239:052	721816.84	473285.54
SM-239:013	721970.09	472396.4	SM-239:053	722037.74	472140.98
SM-239:014	721802.84	472728.15	SM-239:054	721841.1	473147.67
SM-239:015	722056.09	472159.52	SM-239:055	722032.22	472048.48
SM-239:016	722260.03	471747.7	SM-239:056	721975.42	472186.15
SM-239:017	722093.95	472153.61	SM-239:057	722167.52	471929.55
SM-239:018	722099.48	472307.45	SM-239:058	721952.73	472236.64
SM-239:019	721929.85	473022.43	SM-239:059	721949.78	471064.47
SM-239:020	721782.32	473483.96	SM-239:059B	721947.8	471067.24
SM-239:021	721501.85	473735.83	SM-239:060	721637.55	473327.75
SM-239:022A	721842.87	471507.27	SM-239:061	721573.45	471217.13
SM-239:022B	721824.73	471518.31	SM-239:062	720968.92	472613.17
SM-239:022C	721818.61	471521.67	SM-239:063	721298.7	471309.83
SM-239:022D	721825.91	471512.79	SM-239:064	720970.5	472631.51
SM-239:023	721960.43	471543.36	SM-239:065A	720368.15	472037.24
SM-239:024A	722014.86	472168.79	SM-239:065B	720368.54	472038.42
SM-239:024B	722021.57	472177.67	SM-239:066	722093.56	472170.17
SM-239:026A	722163.78	471950.65			
SM-239:026B	722080.94	471973.53			
SM-239:026C	721922.56	472158.14			
SM-239:027	722042.08	472133.69			
SM-239:028	721912.3	472392.46			
SM-239:029	722119.59	472247.89			
SM-239:030	722172.65	472236.64			
SM-239:031	722186.06	472013.18			
SM-239:032	722138.73	471981.82			
SM-239:034	721502.45	473746.68			
SM-239:035	722090.8	472333.68			
SM-239:036	722251.55	471767.03			
SM-239:037	722167.92	471232.32			
SM-239:038	721773.45	471436.07			
SM-239:039	720371.7	471701.35			
SM-239:040	721647.02	473151.22			
SM-239:041	721646.43	473309.41			
SM-239:042	722166.93	471880.83			